

## Fundur stjórnar ÆSKP 19. febrúar 2020 í Neskirkju

**Mætt:** Jóhanna Ýr, Katrín Helga, Berglind, Anna Lilja, Sigurður Óskar, Sóley Adda og Daníel Ágúst. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

**Fundur hófst kl. 18.07.**

### Heimasíða

Hægt er að nota heimasíðuna betur. Með breytingum á facebook sem takmarkar notkun okkar á þeim vettvangi er heimasíðan aftur að koma sterk inn. Reglur um myndbirtingu eru m.a. allt öðruvísi á heimasíðunni en á facebook.

Við þurfum að vera dugleg að vera sýnileg.

Þá þarf líka að deila fréttunum á heimasíðunni meira inn á facebook síðuna okkar.

Jóhanna kemur með hugmynd um að við ættum að kalla eftir fréttum af æskulýðsstarfi á landinu. Það væri gaman að fá skemmtilegar myndir með. Það væri gott að gera plan þannig að það störf frá öllum landshlutum myndu fá umfjöllun. Þá væri hægt að gefa félögum dagsetningar fyrirfram svo hægt væri að undirbúa fundi og fréttagerð.

Líka væri hægt að hafa kynningu á þeim sem að eru í stjórn.

### Erlent samstarf, ferðin til Finnlands og utanlandsferð á vegum ÆSKP

Jóhanna, Jónína og Katrín fóru á aðalfund EF í Finnlandi. Það var mikill áhugi og vilji á fundinum, og það horfir allt til betri vegar hjá samtökunum.

Það er Finnskt mót árið 2023 sem gæti verið skemmtilegt að senda hóp á. ÆSKP gæti þá aðstoðað félag eða félög að fara.

Katrín segir að á aðalfundi ætti viðmiðað að vera að það ættu alltaf a.m.k. tveir að fara, framkvæmdarstjóri og einn út stjórn.

Jóhanna þakkar Jónínu fyrir vel unninn störf á þessum fundi.

Það þarf að skoða hversu mikinn pening við setjum í erlent samstarf og hvort að við mættum setja meiri pening í það en við erum að gera nú þegar.

Við þurfum að kynna erlent samstarf betur.

Það gæti verið liður á heimasíðunni þar sem veittar eru upplýsingar um það sem er í boði erlendis.

Þátttökugjald á næsta Easter Course er 100 evrur á haus.

### **Hetjudinner**

Hetjudinnerinn verður beint eftir aðalfund 4. mars.

Við ætlum að skoða hvort að við getum pantað Hraðlestina í Neskirkju.

### **Aðalfundur 4.mars kl. 17/ undirbúningur**

Það á að kjósa um ritara, 2 meðstjórnendur ásamt 5 varamenn.

Danni bíður sig fram aftur, Siggi hugsar málið, Ása mun hætta.

Bella bíður sig fram (aðal), Sóley, bíður sig fram, Aldís,

Fjarfundarfundarbúnaður verður á staðnum.

Skýrsla formanns, framkvæmdastjóra, landsmótsstjóra, starfsáætlun, ársreikningur, fjárhagsáætlun, skýrsla KUF.

KUF hugsanlega 16.-17. Maí – Eurovision er 16.maí – finna betri tímasetningu? Próf hugsanlega helgina fyrir, uppstigningardagur helgina á eftir og hvítasunnan eftir það.

Líklega helgina í kringum 9. maí.

Pæling að vera með sumar viðburð/mót/sleepover

5-6 júní. Búa til pakka sem svæðafélögin gætu tekið og haldið “í samstarfi við ÆSKP”

Siggi verður með Gleðigönguna í ár.

### **Landsmót /Landsmótsnefnd**

Ekki alveg staðfest að vera á Sauðakróki – hugsanlega að vera frekar í Varmahlíð.

Athuga samt hvort Sauðakrókur sé ekki físiilegur – tala við Siggú um að halda þetta bara sjálf – tala sjálf við bæjarstjórn.

Búið er að skoða aðeins nefndar hlutverkin svo hægt sé að sækja um ákveðið hlutverk.

Passa þarf samt upp á að hafa smá samtál milli hlutverka upp á veikindi og annað sem kemur upp.

### **Styrkir**

Fáum 7 milljónir frá Kirkjumálasjóði í ár og 2.1 milljón fyrir Landsmót ÆSKP 2020.

### **Önnur mál**

Jóhanna er í verkefnastjórnun og hópurinn hennar er að gera verkefni um landmót ÆSKP á Sauðakróki. Þannig að hún fær fullt af hugmyndum úr honum.

Búa til sitthvora yfirlýsinguna frá ÆSKP og KUF um landvistarleyfi flóttabarna á Íslandi.

Fundi slitið 20:02